



216. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. ágúst 2023, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir, og Valdís Einarisdóttir.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Sigurður Halldór Árnason, Arnar Kristjánsson, og Magnús A. Sigurðsson forfölluðust.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.35.

1. Fundargerð 215. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 215. fundar nefndarinnar frá 15. maí 2023.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Svar Stykkishólmsbæjar vegna deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæði við Skipavík í Stykkishólmi

Breiðafjarðarnefnd gerði umsögn í júní 2023 vegna deiliskipulagstillögu fyrir hafnarsvæði við Skipavík í Stykkishólmi. Svar barst frá Sveitarfélaginu Stykkishólmi 10. júlí.

Afgreiðsla:

Lagt fram til kynningar svar sveitarfélagsins Stykkishólms.

3. Umhverfisstofnun - Gögn og mögulegar aðgerðir vegna skipsins Blíðu

Breiðafjarðarnefnd veitti umsögn til Umhverfisstofnunar árið 2022 í tengslum við aðgerðir vegna skipsins Blíðu sem sökk á Breiðafirði árið 2019.

Umhverfisstofnun sendi Breiðafjarðarnefnd upplýsingar um stöðu mála 5. júní.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar for yfir málið með fulltrúum Breiðafjarðarnefndar. Í kjölfarið kynnti Breiðafjarðarnefnd sér nýjustu gögn Umhverfisstofnunar.

4. Rannsókn um framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð

Breiðafjarðarnefnd ákvað á síðasta fundi í maí að hefja formlega samstarf við Náttúrustofu Suðvesturlands, sem mun framkvæma rannsókn á framandi tegundum í nokkrum völdum höfnum Breiðafjarðar.

Afgreiðsla:

Starfsmaður lagði fyrir Breiðafjarðarnefnd þjónustusamning milli Breiðafjarðarnefndar og Náttúrustofu Suðvesturlands sem undirritaður var 13. júlí.

5. Fundur umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Breiðafjarðarnefnd fékk fundarboð 30. maí frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Tilfni fundarins, sem haldinn var 1. júní, var tillaga til þingsályktunar um eflingu landvörslu. 274. mál, <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0277.pdf>.

Afgreiðsla:

Formaður Breiðafjarðarnefndar, Erla Friðriksdóttir, mætti á fund umhverfis- og samgöngunefndar. Hún gerði grein fyrir mikilvægi landvörslu á Breiðafjarðarsvæði.

Erla lagði áherslu á að landvarsla gangi almennt best þegar hún er unnin í náinni samvinnu við stofnanir, sveitarfélög og aðra heimaaðila á því svæði sem hún fer fram.

6. Vettvangsferð 2023 – Dagskrá

Breiðafjarðarnefnd leggur lokahönd á undirbúning fyrir vettvangsferð sína í lok ágúst.

Afgreiðsla:

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar og Arnar Kristjánsson undirbjuggu í sumar dagskrá vettvangsferðar, sem farin verður 28. ágúst 2023. Breiðafjarðarnefnd ræddi og samþykkti dagskrána á fundinum.

Starfsmaður mun halda klára undirbúningsvinnu og sendir öllum þátttakendum nánari upplýsingar um ferðina þegar nær dregur.

8. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður daginn eftir vettvangsferðina, 29. ágúst 2023, í ráðhúsi Stykkishólms.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.50.